# Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu

Mál nr. S-237/2018 | Stofnað: 20.11.2018 | Síðast uppfært: 26.11.2018
**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið** | Annað
**Málefnasvið:** | **Umhverfismál**

## Samráð stendur yfir

Umsagnarfrestur er 21.11.2018 - 21.12.2018. Umsagnir eru birtar jafnóðum og þær berast. Niðurstöður samráðsins verða birtar þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast.
Senda inn umsögn

## Málsefni

Óskað er eftir umsögnum um textadrög fyrstu tveggja verkefna þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands: Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu.

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Nefndinni er m.a. ætlað að skilgreina mörk þjóðgarðsins og setja fram áherslur um skiptingu landssvæða innan hans í verndarflokka. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og

atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu.

Verklag nefndar er þannig að nefnd vinnur textadrög/tillögur fyrir hvern verkþátt, verkþættir verða svo sett í samráðsgáttina þar sem kallað er eftir athugasemdum. Athugasemdir sem berast verða teknar til skoðunar hjá nefnd og verkþáttur/þættir í kjölfarið kláraðir. Þegar allir verkþættir hafa farið í gegnum sama ferli verða þeir settir saman í heildarskýrslu sem einnig verður sett í samráðsgáttina. Í kjölfar þess mun nefnd skila skýrslunni til umhverfis- og auðlindaráðherra. Ráðgert er að skil fari fram í september 2019.

### Ábyrgðaraðili

Steinar Kaldal
steinar.kaldal@uar.is (mailto:steinar.kaldal@uar.is)

### Skjöl til samráðs

Greining tækifæra og áherslur í atvinnustefnu.

Sækja skjal (/Skrar/$Cases/GetCaseFile/?id=%7b441a8e09-bbec-e811-944a-005056850474%7d) - 1053 kb

### Fjöldi umsagna

**0**

### Samfélagsmiðlar

Viltu deila málinu?

Tweet #midhalendid Share

## Viltu senda inn umsögn um málið?

Smelltu hér (https://innskraning.island.is/?id=samradsgatt.island.is&path=%3freturnUrl%3d%2foll-mal%2f%24Cases%2fDetails%2f%3fid%3d1236) til að skrá þig inn með Íslykli eða rafrænni auðkenningu.

Ef umsögnin er send fyrir hönd samtaka, fyrirtækis eða stofnunar þarf umboð þaðan, sjá nánar hér (https://samradsgatt.island.is/library/Files/Umbo%C3%B0%20-%20lei%C3%B0beiningar%20fyrir%20samr%C3%A1%C3%B0sg%C3%A1tt%20r%C3%A1%C3%B0uneyta.pdf).